



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 7. desember 2023
nr. erindis 2311281 SIS

Á 74. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 6. desember 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um húsnæðisstefnu 2024-2038 ásamt 5 ára aðgerðaráætlun 2024-2028

Svofelld bókun var gerð:

Lagt fram til umsagnar 509. mál á Alþingi, húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt 5 ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, frá velferðarnefnd Alþingis. Umsagnarfrestur er til 11. desember 2023.

Byggðarráð Skagafjarðar fagnar drögum að húsnæðisstefnu, framtíðarsýn og markmiðum. Áherslur á aukið framboð á hagkvæmum íbúðum með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði fyrir fólk undir tilteknum tekju- og eignamörkum á sama tíma og horft er til áherslna sem geta aukið flækjustig og haft hærri kostnað í för með sér, samanber strangar kröfur til byggingarefna og lífsferilsgreininga fyrir byggingar, ríma þó líklega ekki saman. Byggðarráð lýsir sig aftur á móti sérstaklega sammála aðgerðum sem ætlað er að ýta undir að íbúðum í þéttbýli sem ekki eru nýttar til fastrar búsetu verði frekar nýttar sem slíkar í framtíðinni, meiri skilvirkni hlutdeildarlána, endurskoðun og einföldun ferla í skipulags- og byggingarmálum þegar kemur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, aukinni réttindavernd neytenda vegna byggingargalla og auknum áherslum á aðgengi fyrir alla, svo nokkur atriði séu nefnd. Byggðarráð vekur jafnframt athygli á því að víðast hvar á landsbyggðinni eru íbúðarhús byggð af einstaklingum eða íbúðafélögum, þar sem ekki er verktökum til að dreifa sem eru í þeirri starfsemi að byggja íbúðir til sölu. Horfa þarf sérstaklega til aukinna hvata til að stuðla að fjölgun íbúða sem verktakar byggja á eigin ábyrgð til endursölu og/eða að hafa það einfalt fyrir einstaklinga að semja um hlutdeildarlán á þeim svæðum þar sem verktakar eru ekki leiðandi afl í byggingu slíkra húsa. Jafnframt er full ástæða til að endurskoða fyrirkomulag stofnframlaga þannig að kostnaðarþök endurspegli raunbyggingarkostnað á hverju svæði fyrir sig.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Sigfus Ingi Sigfusson
sveitarstjóri